

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Austurbyggð.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í Austurbyggð sbr. 2. gr. stafl. b samþykktu um hunda- og kattahald í Austurbyggð er 7.750 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Handsömunargjald sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera 3.000 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 6.000 kr. ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda kött í Austurbyggð sbr. 8. gr. stafl. b samþykktu um hunda- og kattahald í Austurbyggð er 5.850 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Austurbyggðar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að taka gildi nú þegar.

Framangreind gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn Austurbyggðar, þann 23. október 2003.

Fáskrúðsfirði, 30. mars 2004.

F.h. sveitarstjórnar Austurbyggðar,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.